

## Skólaráðsfundur 1. nóvember 2017

Fundinn sátu:

Lydía Ósk Jónasdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Óskar G. Björnsson, Hallfríður Sverrisdóttir, Heba Einarsdóttir og Guðmundur Jón Bergmannsson.

Óskar fór yfir hlutverk skólaráðs og benti á að á vef Heimilis og skóla væri hægt að nálgast handbók fyrir skólaráð. Skóladagatali 2017-18 var dreift á fundinum.

Sett var niður fundaskipulag vetrarins og ákveðið að fundirnir hefjist kl. 12:10:

22. nóvember (fjárhagsáætlun)

6. desember

17. janúar

21. febrúar

21. mars

11. apríl

9. maí

Umræða um mótuneyti skólans. Fulltrúar nemenda komu fram með óskir um fjölbreyttari mat í mótuneytinu. Einnig kom fram athugasemd um að salatbarinn yrði nemendavænni, fjölbreyttari og meira við hæfi barna. Frá nemendafélagi skólans kom einnig sú athugasemd að æskilegt væri að þeir sem afgreiða í eldhúsi noti hárnét.

Umræða um A-álmu og slæmt ástand hennar. Ekki náðist að lagfæra nemendasalerni í A-álmum eins og til stóð í sumar.

Leiktæki og endurhönnun skólalóðar. Skólinn á mörg leiktæki sem voru tekin niður á sínum tíma vegna framkvæmda við lóð og hafa ekki verið sett upp aftur. Fundarmenn telja brýnt að klára að skipuleggja skólalóðina og setja leiktækin niður svo þau nýtist nemendum, sérstaklega þeim yngri.

Rætt um gangbrautarljósin við skólann, en ekki virðast allir vera búnir að átta sig á hvernig þau eiga að virka. Bílstjórar stoppa gjarnan á grænu ljósi ef þeir sjá gangandi vegfaranda nálgast, þó ekki sé búið að ýta á gönguhnappinn. Bílastæði skólans var einnig til umræðu, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær það verður malbikað.

Rætt um matarsóun og þá tilraun sem gerð var í fyrra að vigta leifar frá bekkjunum. Fundarmenn töldu þörf á að koma vigtun aftur í gang til að minnka matarsóun. Athugasemdir komu fram um að það bætti bjóða oftast upp á ristað brauð í morgunmatnum.

Fyrirspurn um afmarkað svæði með keilum fyrir framan Árvist sem ekki má leggja bílum á. Fyrst og fremst er um öryggissvæði að ræða, en svæðið er einnig afmarkað fyrir þjónustubíl fatlaðra.

Fundarritari Hallfríður Sverrisdóttir